Loftslagsvernd í verki

LEIÐIR TIL AÐ DRAGA ÚR EIGIN KOLEFNISSPORI

Loftslagsvernd í verki - Um námskeiðið

Fjarnámskeiðið Loftslagsvernd í verki er unnið í litlum hópum og með gagnvirkri þátttöku í Vefskóla Landverndar, sama hvar þátttakendur eru á landinu. Allir geta tekið þátt.
Hver þátttakandi verður hluti af litlum hópi sem ferðast saman í gegnum námskeiðið. Hópurinn vinnur sig í gegnum nokkra áfanga sem stuðla að því að hver þátttakandi skoði eigin lífsstíl, hvort sem er á heimilinu, í starfi eða sem almennur borgari - og meti til hvaða aðgerða hann geti gripið til að draga úr kolefnissporinu. Þátttakendur hafa þannig stuðning og fá hugmyndir frá félögum í hópnum. Í kjölfarið setja þátttakendur sér raunhæf markmið til skemmri og lengri tíma. Hópana leiða fróðir leiðbeinendur sem hafa hlotið til þess sérstaka þjálfun.

Fyrirkomulag

Þegar fólk skráir sig á námskeiðið verður það hluti af 5 - 8 manna hópi. Hver hópur fær leiðbeinanda sem hefur hlotið sérstaka þjálfun í að leiða hópavinnu. Námsefnið er sett upp þannig að þátttakendur fara í ferðalag með upphafi, aðgerðum og endapunkti.



Helstu viðfangsefnin

Hver hópur hittist sjö sinnum og á hverjum fundi er áhersla á tiltekið viðfangsefni. Viðfangsefni eru skilgreind út frá þeim þáttum sem hafa mest áhrif á kolefnisspor einstaklinga:

1. **Upphafsfundur** (fyrirkomulag útskýrt, markmiðssetning kynnt, kolefnisspor mælt ofrv.)
2. **Samgöngur** (hvernig kemst ég á milli staða í daglega lífinu, á ferðalögum ofrv.)
3. **Matarvenjur** (matarsóun, kolefnisspor matvæla ofrv.)
4. **Húsnæði** (stærð, tegund, orkunotkun ofrv.)
5. **Neysla** (vörur og þjónusta, hringrásarhagkerfið ofrv.)
6. **Virkjum aðra** (hvatning að fá fleiri á námskeiðið + leiðir til að beita sér sem ábyrgur borgari ofrv.)
7. **Lokafundur** (hver var árangurinn, sameiginleg stund)

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

UMHVERFIS STOFNUN · KÍ · LANDVERND